

Sveitarfélagið Norðurþing

skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Mál nr. 538/2023

09.02.2026

Aðalskipulag Norðurþings

Landvernd hefur kynnt tillögu til umsagnar um aðalskipulag Norðurþings. Í meginatriðum er framsetning gagna með ágætum.

Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál

Landvernd saknar þess í aðalskipulagi Norðurþings að mörkuð sé metnaðarfull stefna um beinar aðgerðir í þágu líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa og landgæða. Landvernd harmar að ekki hafi verið horft nánar á vernd svæða sem falla undir líffræðilega fjölbreytni og ekki sé skýrari stefna um verndun og endurheimt votlendis og vatnasviða, vistgerða og lífríkis almennt.

Landvernd hefði viljað sjá sveitarfélagið taka þessi atriði fastari tökum í ljósi stefnunnar m.a. í Landskipulagi og þess að Ísland, ásamt flestum ríkjum heims, hefur ritað undir samkomulag um að vernda líffræðileg fjölbreytni en hnignun hennar er óumdeilanleg um allan heim. Tap lífbreytileika er mikið í náttúrunni, tegundum í útrýmingarhættu fjölgar hratt og válistinn stækkar. Landvernd minnir á mikilvægi þess að sveitarfélagið uppfæri stefnu sína í skipulaginu um líffræðilega fjölbreytni sem og marki þannig svæðum ríkan sess í skipulaginu. Í skipulagi þarf að marka skýra sýn á hvaða land skuli nota til kolefnisbindingar svo ekki verði fórnað frjósömu landi með margbreytilegum vistgerðum undir skógrækt með framandi ágengum tegundum til kolefnisbindingar.

Svæði með mikla líffræðilegri fjölbreytni í Norðurþingi eru mörg og Landvernd hvetur sveitarfélagið til að horfa til svæða sem eru til þess fallin að vernda og styðja þannig við loftslagsmál og lífbreytileika, ásamt beinum aðgerðum með t.d. mun meiri áherslu á endurheimt votlendis til að draga úr losun. [Hér](#) er bent á skuldbindingar Íslands og fróðleik sem er sveitarfélögum gagnlegur inn í áætlanir. Landvernd telur að heiðarlendir Norðurþings séu víða vel til þess fallnar að vernda með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika og það gæti verið stærsta framlag sveitarfélagsins til loftslagsmála ásamt því að endurheimta stór svæði sem ræst hafa verið fram og eru ekki í nýtingu sem ræktarland.

Orkumál – Vindorka

Orkumál virðast sveitarstjórn Norðurþings ofarlega í huga í aðalskipulaginu en mikilvægt er að minna á að ekki er orkuskortur á svæðinu heldur þörf á styrkingu á flutningskerfi raforku. Sveitarfélagið býr vel að orku eftir að mikið afl losnaði við að PCC á Bakka hætti rekstri. Þá liggja fyrir lagfæringar á flutningskerfinu þannig að fullnægjandi úrbætur ættu að vera í sjónmáli á því.

Í kafla um vindorku, bls. 59, í greinargerðinni segir meðal annars:

„Vindorkunýting fellur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Skipulagsstofnun hefur hvatt til heildstæðrar stefnumörkunar í aðalskipulagi um möguleika á vindorkunýtingu í sveitarfélögum. Hvatt er til að slík stefnumörkun byggji á greiningum og mati á svæðum sem henta til vindorkunýtingar” Landvernd lýsir furðu á samþyktri ályktun af hálfu sveitarfélagsins frá 22. janúar. Sú ályktun sem samþykkt með 5 atkvæðum gegn 2 gengur hún í berhögð við inngang að stefnu um vindorku sem sjá má ofangreint í aðalskipulagi Norðurþings.

Ályktunin hljóðar svo: „Undirrituð leggja til að sveitastjórn óski eftir því við verkefnastjórn rammaáætlunar að vindorkukostur á Hólaheiði/Hnotasteinn verði endurmetinn og færður úr biðflokki í nýtingarflokk.”

Með ályktun er greinargerð þar sem meðal annars kemur fram: „**Umhverfismat og rannsóknir standa enn yfir.**“ Þá kemur fram í greinargerð sveitarstjórnar: „*Verkefnið getur haft mikil áhrif á byggðapróun, raforkuöryggi og samkeppnishæfni Norðausturlands og er mikilvæg viðskiptaleg forsenda Landsnets í mati á arðsemi nýrrar flutningslínu frá Kópaskeri til Vopnafjarðar m.t.t. tengigjalda, innmötunar og flutnings raforku frá svæðinu.*”

Landvernd lýsir andstöðu við að sveitarstjórn hyggist beita verkefnisstjórn Rammaáætlunar þrýstingi til að greiða götu vindorkuvers á Hólaheiði. Það er óeðlilegt og verkefnisstjórn og faghópar rammaáætlunar bundnir af því lögum til að vinna faglega að mati á hinum mörgu og ólíku verkefnum sem fyrir liggja. Athygli vekur að á sama tíma og fram kemur í greinargerð sveitarstjórnar með ályktun að bæði rannsóknir og undirbúningur umhverfismats vegna vindorkuáforma á Hólaheiði séu enn í vinnslu. Markmið sveitarfélagsins um stefnu í aðalskipulagi gengur því ekki upp þar sem segir að vinna skuli með ráðgjöf skipulagsstofnunar þar sem „*hvatt er til að slík stefnumörkun byggji á greiningum og mati á svæðum sem henta til vindorkunýtingar.*“

Hér liggur skýrt fyrir að sveitarfélagið er að fara fram á að tiltekið vindorkuverkefni í rammaáætlun verði sett í nýtingu án þess að fyrir liggja tilhlýðilegar rannsóknir eða mat á umhverfisáhrifum. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að draga ályktunina til baka og fylgja stefnu sem sveitarfélagið hefur markað í aðalskipulaginu um að fylgja ráðgjöf Skipulagsstofnunar.

Ef ekki, þýðir ályktunin að sveitarfélagið ætli hvorki að virða eigin stefnu né þá faglegu og lýðræðislegu þætti sem rammaáætlun er ætlað að starfa eftir. Í greinargerð með ályktun kemur fram að vindorkuver sem er enn á teikniborðinu sé í raun „**mikilvæg viðskiptaleg forsenda Landsnets í mati á arðsemi nýrrar flutningslínu frá Kópaskeri til Vopnafjarðar**” Landvernd spyr hvort stefna um uppbyggingu á flutningskerfi raforku á þessu svæði hafi tekið svo miklum breytingum að forsenda endurnýjunar eða lagningar nýrra raflína snúist ekki fyrst og fremst um að bæta raforkuöryggi innan svæðisins, heldur sé markmið hins opinbera fyrirtækis Landsnets byggt á viðskiptalegum forsendum.

Skortur á skýrri stefnu um landnotkun

Landvernd gerir athugasemdir við stefnu í aðalskipulaginu á bls. 59 – 60 sem og á bls. 6 í að setja inn á aðalskipulagsuppdrátt tvö risavaxin vindorkuverkefni án þess að fyrir liggja rannsóknir og/eða mat á umhverfisáhrifum á viðkomandi svæðum. Merkingin varúðarsvæði inn á ætluðu iðnaðarsvæði fyrir vindorku er tvíræð í skipulaginu og sett fram í þágu vindorkuiðnaðarins en ekki samfélagsins.

Í aðalskipulagi skal setja fram skýra, rökstudda stefnu sveitarfélags um landnotkun. Í tillögunni skal merkja svæði þannig að landnotkun sé ekki óljós, m.a. með iðnaðarsvæði + varúðarsvæði án þess að fyrir liggja fullnægjandi efnisleg niðurstaða um raunhæfni viðkomandi verkefnis/verkefna, rannsóknir, mat á umhverfisáhrifum, o.s.frv. Slík framsetning stenst illa kröfu um skýrleika og fyrirsjáanleika í stefnumótun aðalskipulags. Við framsetningu aðalskipulags þarf landnotkun að byggja á skýrum og rökstuddum þáttum.

Ekki verður séð að tillagan skýri nægjanlega:

- hver skuli verða ríkjandi landnotkun á svæðinu?
- hvaða skilyrði gilda um breytingar?
- hvaða forsendur þurfa að vera uppfylltar áður en frekari skipulagsákvæðanir eru teknar.

Óskað er eftir að þetta verði skýrt með afgerandi hætti í uppdrætti og greinargerð.

Jafnræði milli verkefna

Meðferð svæða fyrir vindorkutengd verkefni virðist fela í sér sérstakt „fyrirvarasvæði“/„biðsvæði“ sem ekki er beitt með sambærilegum hætti gagnvart öðrum framkvæmdaflokkum í skipulaginu. Ef svo er, þarf sveitarfélagið að færa fram skýr, málefnaleg og hlutlæg rök fyrir þeirri mismunun, ella vakna álitamál um samræmi við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar.

Samráð og kynning við íbúa vegna vindorkuáforma í skipulagi

Íbúar og hagsmunaaðilar eiga rétt á samráði og skýrum upplýsingum frá sveitarstjórn um áhrif tillögunnar. Kynning á áhrifum umræddrar landnotkunar vegna vindorkuáforma í sveitarfélaginu verður að teljast bæði ófullnægjandi og óraunhæf. Áhrif sem þarf meðal annars að vigta inn áður en viðamiklar landnotkunarbreytingar eru settar inn eru t.d.

- áhrif á núverandi landbúnaðarnotkun,
- áhrif á nærumhverfi og samfélag
- áhrif á ferðaþjónustu og útivist
- valkosti og rök fyrir valinni leið.

Óskað er eftir aukinni kynningu og skýrari gögnum og gagnsærri röksemdafærslu áður en tillagan verður afgreidd.

Krafa um úrbætur

Með vísan til framangreinds hvetur Landvernd sveitarfélagið til að:

- Endurskoða landnotkunarflokkun vegna vindorku þannig að hún verði skýr, afdráttarlaus og rökstudd m.a. með hliðsjón af afstöðu sveitarstjórnar til vindorkuáforma í sveitarfélaginu þannig að íbúar geti gert sér grein fyrir hvaða stefnu sveitarstjórn stendur.
- Fella út merkingu „varúðarsvæðis“ nema lagalegar og efnislegar forsendur liggi skýrt fyrir
- Birta skýra greinargerð um jafnræði málsmeðferðar milli ólíkra skipulagsverkefna og landnotkunarþátta.
- Bæta kynningu og samráð við íbúa áður en endanleg afgreiðsla fer fram

Jafnframt er hér full ástæða til að minna sveitarfélagið Norðurþing á að Alþingi hefur nú til meðferðar drög að frumvarpi til laga um að aðlaga stefnu um vindorku inn í verndar- og orkunýtingaráætlun sem taka verður mið af og getur haft veruleg áhrif á framvindu þeirra vindorkuverkefna sem áform hafa verið um hér á landi.

Að lokum

Landvernd vill koma því á framfæri að íbúar á svæðinu hafa haft samband við samtökin og lýst áhyggjum af hvernig sveitarstjórn Norðurþings fer með málefni vindorku. Sveitarfélagið Norðurþing getur ekki skrifað inn í greinargerð sína í aðalskipulagi viðurkenningu á að vindorka eigi að lúta verndar- og orkunýtingaráætlun en ætla svo jafnhliða að reyna að hafa áhrif á rammaáætlunarferlið. Landvernd fer fram á að þau vindorkuáform sem uppi eru í sveitarfélaginu lúti sömu lögmálum og önnur vindorkuverkefni í rammaáætlun og sveitarstjórn fylgi eigin stefnu og lögbundinni meðferð mála sem eru til skoðunar í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Með vinsemd og virðingu
F.h. Landverndar Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður